Heimskautarefurinn minn, heimskautarefurinn minn.
Hvar býrð þú, hvar býrð þú?
Þú býrð upp á fjalli, þú býrð uppi á fjalli, þú býrð upp á fjalli, já!





Heimskautarefurinn minn,
heimskautarefurinn minn.
Hvað ertu að borða, hvað ertu að borða?
Þú borðar fisk og þú borðar fugl, þú borðar fisk og fugl.





Heimskautarefurinn minn,
heimskautarefurinn minn.
Hvernig ert þú litinn, hvernig ert þú á litinn?
Þú ert blár eða hvítur, þú ert blár eða hvítur, þú ert blár eða hvítur, já!





Heimskautarefurinn minn, heimskautarefurinn minn.
Við erum vinir þínir, við erum vinir þínir, við erum vinir þínir, já!

María Valdeolivas







# Heimskautarefurinn minn

Maria Valdeolivas










Melrakki hefur verið á Íslandi í árþúsundir en hann hefur sennilega átt heimkynni hér allt frá lokum ísaldar. Elstu leifar sem fundist hafa hérlendis eru um 3.500 ára gamlar. Íslenski melrakkastofninn er sérstakur vegna langvarandi einangrunar frá öðrum stofnum og aðlögunar að sérstökum aðstæðum hérlendis.

Nafn: Melrakki, heimskautarefur eða refur
Stærð: 55 cm að lengd
Þyngd: 3-4 kg að þyngd
Karlkyns: Steggur
Kvenkyns: Tófa eða læða
Litir: Hvítur eða mórauður (blár)
Fæðuval: Fuglar, egg, mýs, fiskur
Fengitími: Mars
Búsetusvæði: Refur býr í greni uppi á fjalli eða fjöru


Hvítur refur á sumrin


fótspor refa í snjó


Híbýli refa heitir greni



Hornstrandir eru þjóðgarður og refir eru verndaðir þar

## Litir
## Melrakkarnir eru hvítur eða mórauði

Hvítu Melrakkarnir eru næstum því alveg hvítir á veturna en á sumrin breytist liturinn í tvo liti. Þá verða þeir grábrúnir á bakinu en ljósir í kring um kjaftinn, augun og trýnið. Næstum því allir Melrakkar í heiminum eru hvítir. Hvíti liturinn er góður felubúningur í snjór.

Mórauði liturinn er mjög breytilegur. Þá geta dýrin verið mjög dökk, svartgrá eða brúnleit en líka móbrún og jafnvel grásilfruð. Þau hafa sama lit allt árið en feldurinn lýsist upp þegar veturinn er búinn og sólin fer að skína. Mórauðir refir eru algengir á strandsvæðum og við strendur vesturlands.

## Fæðuval

Á sumrin eru uppáhalds maturinn farfuglar en þeir borða líka krækiber, skógardýr og lirfur. Á haustin borða þeir mýs þegar mest er af þeim. Þó er alltaf hægt að finna eitthvað ætilegt í fjörunni svo sem sjófugla og hræ sem hafa rekið á land, marflær og smáfiska. Inn til landsins borða refirnir hræ hreindýra og annara spendýra, vaðfugla og gæsir.

Til að aðlagast fyrir vetur þarf Melrakkinn að safna fitulagi á sumrin og haustin til að fá orku í vetur. Þau grafa niður matinn sinn á sumrin til að geyma þangað til veturinn kemur. Þegar farfuglarnir eru farnir éta refirnir hræ og egg frá sumrin sem þeir hafa grafið niður og safnað til að eiga mat yfir vetrartímann.

## Fæðingartími

Kvenkyns refurinn kallast tófa. Íslenskar tófur eignast unga á hverju ári en í Skandinavíu, Grænlandi, Alaska og Kanada eignast tófan unga á 3-5 ára fresti.

Ungarnir eru í maganum á mömmu sinni í 2 mánuði. Oftast fæðast ungarnir um miðjan maí á vorin og stækka yfir sumarið. Þá drekka yrðlingarnir mjólk hjá mömmu sinni til að stækka. Svo sjá bæði kynin um að gefa yrðlingunum mat.

## Samfélagsgerð

Refir eiga ekki marga vini og vilja vera einir með fjölskyldu sinni og passa yrðlingana sína vel í friði.

Náttúrufræðistofnun Íslands    https://www.ni.is/is/dyr/spendyr/melrakki














Hønsen Agerup

